



# Réttarsaga (L-730-RETT)

11. jan. 2008: Inngangur og yfirlit



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY





# Yfirlit

- Hvers vegna réttarsaga?
- Hvað er réttarsaga?
- Saga réttarsögunnar
- Staða réttarsögunnar í dag
- Sagnfræði og réttarsaga

# Hvers vegna réttarsaga?

- „Réttarsaga er án efa eitt mesta ógeð sem fundið hefur verið upp innan sagnfræðinnar.”

[olinjall.tripod.com/2002\\_03\\_31\\_gamalt.html](http://olinjall.tripod.com/2002_03_31_gamalt.html)

# Hvers vegna réttarsaga?

- „Síðasta helgarfrí fyrir próf, næsta helgi verður undirlögð lestri og leiðindum... nei djók, Réttarsaga er nú svosem ekkert það leiðinlegasta sem ég hef lesið .”

[http://sollagella.blogspot.com/2004\\_11\\_01\\_archive.html](http://sollagella.blogspot.com/2004_11_01_archive.html)

# Hvers vegna réttarsaga?

- „Auk þess dundaði ég mér við að lesa Réttarsögu, í gærkvöldi, af því í henni voru krassandi lýsingar á aftökuaðferðum og pyndingum fyrri tíða.”

<http://harpa.blogg.is/2006-08-26>

# Hvers vegna réttarsaga?

- „Á dagskrá í kvöld er réttarsaga..sem mér finnst mjög skemmtileg..heppin ég!! .”

<http://ernasif.bloggar.is/blogg/96292/>

# Hvers vegna réttarsaga?

- „Hafa ritgerðir þessar orðið til á löngum tíma, mest í hjáverkum og tómstundum frá lagakennslu og „hagnýtum“ lögfræðirannsóknum“.

Páll Sigurðsson, *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Reykjavík 1992), bls. 9.

# „Þetta var tilboð sem alls ekki var hægt að hafna“

Mbl. 2/11 07

## Sigurður Líndal tekur við prófessorsstöðu á Bifröst á 77. aldursári

Eftir Kristján Jónsson  
kjon@mbl.is

ÁSTÆÐAN fyrir því að ég sló til er að það er svo mikið um æskudýrkun, allt á að yngja upp, og mér finnst þetta því gott fordæmi,“ segir Sigurður Líndal, prófessor emeritus í lögfræði við Háskóla Íslands, en hann hefur nú tekið við prófessorsstöðu við Háskólann á Bifröst, 76 ára gamall. „Auðvitað þarf æskan að komast að en hvorir tveggja þurfa að vera til staðar, ungir og gamlir. Þetta var tilboð sem alls ekki var hægt að hafna.“

Sigurður segist vera við þryðilega heilsu en hann stundar mikið skokk og heldur sér í góðu formi. Hann mun kenna réttarsögu og þætti í stjórnskipunarrétti, réttarheimspeki og lagahugsun auk almennrar lögfræði, einnig mun hann stunda rannsóknir. Ekki hyggst hann setjast að uppi í Borgarfirði heldur aka á milli, oftast nær, enda er rannsóknastöðin „heima á Bergstaðastrætinu“.

Sigurður varð stundakennari við HÍ 1967 og prófessor 1972. Hann segist ekki vita hve mörgum lögfræðingum hann hafi kennt á ferlinum en ljóst er að þeir skipta þúsundum. Hann hætti við HÍ 2001 fyrir aldurs sakir en hefur þó áfram verið stundakennari við skólann og einnig við háskólana á Akureyri og Bifröst. Sigurður náði meira að segja að kenna fyrir hádegi í Reykjavík og eftir hádegi á Akureyri, þetta eru rök fyrir



Morgunblaðið/Ómar

**Nýtt líf** Sigurður Líndal, prófessor í lögum við Háskólann á Bifröst.

því að flytja ekki flugvöllinn úr Vatnsmýrinni, bætir hann við hlæjandi.

„Gallinn við réttarsöguna og réttarheimspekina, öll þessi „gagnslausu fög“ eins og ég hef kallað þau, er að þau eiga dálítið undir högg að sækja,“ segir Sigurður. „Þau eru náttúrlega kennd smávegis sem skyldugrein en það er þetta eilífa peningaleysi sem veldur því að ekki má kenna valgrein nema tiltekinn lágmarksfjöldi sækir námskeiðið. Yfirleitt eru þeir fáir sem fara í fög sem ekki eru beinlínis hagnýt í viðskiptalífi nútímans. Ég hef nokkrar áhyggjur af þessu vegna menningararfleifðar okkar. Það er þessi hóflausa nýttjahyggja nútímans sem ræður, nú eru allir í útrásinni, peningunum og bönkunum. Því fylgir svo lögtæknin, ég

hef alltaf sagt að hún sé vissulega nauðsynleg en á bak við hana verði að vera sjálfar ræturnar og heimspekin.

Það er ekkert sniðugt að vera bara einhver frumstæður lögtæknir, auk þess er alltaf verið að breyta lögnum og lögtæknin úrelidist fljótt. Ný lög um verðbréfavíðskipti sem taka gildi í dag fella burt önnur um sama efni sem mig minnir að séu frá 2003, svo hröð er þróunin. En við kennum samt að eitt einkenni laganna sé að þau þurfi að vera stöðug. Ef þau eru það ekki er erfitt að gera áætlanir, þær byggjast á því að lögin séu stöðug.“

**Á móti „skrumvæðingu“ háskólanna**

– Eru sett of mörg lög og ætti að gera meira af því að nema gömul lög úr gildi?

„Ég held að það séu nú aðallega Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið sem framleiða of mikið af lögum fyrir okkur. Þau enda svo hjá okkur. Lög eru oft felld úr gildi en ég er nú svo fhalddssamur að ég vil halda í gömlu lögin.“

– Sumir sögðu að þú hefðir á sínum tíma verið á móti því að lögfræði væri kennd annars staðar en við HÍ. Skiptirðu um skoðun?

„Ég held að ég hafi aldrei sagt þetta! Hitt er annað mál að það sem mér hefur þótt leiðinlegt er það sem ég hef kallað skrumvæðingu háskólanna. Fullyrðingar eins og við erum mestir, bestir o.s.frv. Þetta hefur svolítið farið fyrir brjóstið á mér. Ég er ekkert að lasta störf manna í þessum skólum en bara á móti því að kynna þetta svona, kynna þetta með auglýsingataekni nútímans. Ég vil láta verkin tala,“ segir prófessor Sigurður Líndal.



# Hvers vegna réttarsaga?

- „Ýmsar gildandi réttarreglur verða ekki skýrðar til hlítar, nema söguleg vitneskja komi til fulltingis.”
- „Réttarsagan fjallar ekki sízt um það hvernig brugðizt hefur verið við til að leysa vanda í samskiptum manna eftir leiðum laga og réttar ...”
- „Lögfræðingur sem hefur söguna að leiðarljósi verður sjaldan staðnaður regluþræll án tengsla við það mannlíf sem lögin eiga að þjóna.” (SL, bls. 8-9).

# Hvað er réttarsaga?

- „Rjettarsagan er sú fræðigrein, er fæst við að lýsa uppruna rjettarins og framþróun hans. Rjetturinn er einn af aðalþáttum menningarinnar. Rjettarsagan er því einn þáttur menningarsögunnar.“

Ólafur Lárusson, *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu* (Reykjavík 1932), bls. 1.

# Hvað er réttarsaga?

- „Réttarsaga – eða lagasaga – er sú fræðigrein, sem fæst við að lýsa uppruna og þróun réttarreglna, réttarstofnana, réttarhugmynda, réttarhugtaka og þróun lögfræði almennt.“

Ármann Snævarr, „Þættir úr réttarsögu I”  
(Reykjavík 1966), bls. 1.

# Hvað er réttarsaga?

- „Hún fjallar um ákveðin réttarkerfi eða ákveðin lög eða kennisetningar (t.d. rétt þjóðveldisins íslenzka, kirkjurétt miðalda, rómarétt o.s.frv.) *samkvæmt lögmálum sagnfræðinnar.*“ [mín áhersla]

Garðar Gíslason, *Eru lög nauðsynleg? Og fleiri greinar úr réttarheimspeki* (Reykjavík 1991), bls. 12.

# Hvað er réttarsaga?

- „Öll saga [er] réttarsaga.“ (Theodor Mommsen)

Ármann Snævarr, „Þættir úr réttarsögu I“  
(Reykjavík 1966), bls. 5.

# Hvað er réttarsaga?

- „Þung orð féllu í þingumræðu um öryrkjadóm. ... Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði þetta mál fordæmalaust í íslenskri réttarsögu og sögu Alþingis.”

*Mbl.is*, 17. okt. 2003, 13:37.

## FRÉTTIR

# Höfðar dómsmál sem gæti orðið einstakt mál í réttarfarssögu Íslands

Landeigandi við Lagarfljót vill fá dómkvadda matsmenn til að meta bætur vegna vatnaflutninga

Eftir Steinunni Ásmundsdóttur  
steinunn@mbi.is

LANDEIGANDI á jörðinni Egilsstaðir I á Fljótsdalshéraði á samkvæmt úrskurði hæstaréttar rétt á að dómkvaddir verði tveir sérfróðir og óháðir matsmenn til að meta hæfilegar greiðslur til hans vegna vatnaflutninga úr Háslóni Kárahnjúkavirkjunar yfir í Lagarfljót og um farveg þess til sjávar. Héraðsdómur Austurlands úrskurðaði í október sl. að landeigandinn ætti ekki rétt á matsmönnum vegna þess að ekki væri um tjón að ræða fyrir hann þó vatn úr Háslóni rynni um farveg Lagarfljóts og þar með um landareign hans.

Hæstiréttur telur hins vegar að landeigandinn uppfylli skilyrði til réttar á matsmönnum og skuli hann bera kostnað af matsgerð svo lengi sem slíkur kostnaður verður ekki felldur á aðra þegar og ef málið kemur til kasta dómstóla. Slíkt mál yrði einstakt í réttarfarssögu Íslands, bæði vegna þess um hversu stófellda vatnaflutninga er að ræða með því að flytja Jökulsá á Dal í Lagarfljót og



Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

**Vatnaflutningar** Landeigandi jarðarinnar Egilsstaða I vill að Landsvirkjun greiði bætur fyrir vatnaflutninga Jöklu eftir farvegi Lagarfljóts.

hins vegar lýtur sérstaða slíks mál að eignarhaldi á botni vatnsvega og hvort rennsli vatns sé eign. Landeigandinn vill láta meta hæfilegt árgjald vegna flutnings á vatni í Lagarfljóti til sjávar frá stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.

## Landeigendur vilja fébætur

Með Kárahnjúkavirkjun er Jökulsá á Dal tekin úr farvegi sínum og flutt í Lagarfljót eftir aðrennslis- og fallgöngum virkjunarinnar. Íslenskur eignarréttur kveður á um að þeir

sem eiga land að straumvatni, eigi eignarrétt á vatnsbotni úti í miðjan farveg ef um merkjavatn er að ræða, en svo háttar til í þessu máli.

Landeigendur við Lagarfljót telja áhrif af flutningi Jöklu í Lagarfljót verða veruleg og vilja fébætur frá Landsvirkjun og frekari rýmkun farveggar fljótsins vegna vatnsaukningar. Þegar er búið að sprengja burt um 10 þúsund rúmmetra berghaft við Lagarfoss til að stækka vatnsveginn, en ekki er gert ráð fyrir frekari rýmkun hans af Landsvirkjunar hálfu nema nauðsyn á slíku komi í ljós.

Landsvirkjun telur áhrif á fljótið verða hverfandi. Fyrirtækið telur sér ekki skylt að greiða endurgjald til eigenda vatnsfarveggar frá frárennslisiskurði í Fljótsdal og einungis sé því skylt að bæta tjón sem kunnir að verða á landi og mannvirkjum á því vegna aukins vatnsmagns og hugsanlega fyrir veiðitjón, verði sýnt fram á slíkt.

Gerðir hafa verið varnargarðar til að verja tún sem liggja að farvegi Jökulsár í Fljótsdal þar sem hún rennur í Lagarfljót og eru þeir gerðir

í samvinnu Landsvirkjunar og heimamanna. Þá munu einhverjir samningar hafa verið gerðir við landeigendur í Fljótsdal vegna túna.

Landeigendur við Lagarfljót segja áhrifin af veitingu Jöklu í fljótið m.a. verða skerta fiskgengd, minni silungsveiði og annað rask á lífríki og landrof.

Kristinn Bjarnason hrl., lögmaður landeigandafélagsins, hefur haft réttindi þeirra sem eiga land að Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljóti frá enda frárennslisiskurðar og til sjávar til skoðunar, þ.m.t. þá staðreynd að það vatn sem leitt sé yfir í nýjan farveg nýtist við orkuvinnslu í Lagarfossvirkjun og þar með gætu landeigendur átt kröfur á hendur RARIK. Kristinn hefur sagt að lögð sé kvöld á landeigendur með vatnsflutningnum og Kárahnjúkavirkjun sé möguleg og arðbær af því að vatnsfarvegur Lagarfljóts er til staðar.

Alls er þó óljóst um framvinduna þar sem vatnalög og lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðum geta takmarkað heimildir landeigenda, þ.e. eigendur netlaga til nýtingar á vatnsbotni.

Kvenmenn  
í...  
í...







# Saga réttarsögunnar

- Evrópskur réttur
  - Rómarréttur
  - Germönsk lög
  - Lénsskipulag
  - (Evrópusambandið)(sjá SL)
- Íslensk réttarsaga (hefðbundin skipting í þrjú tímabil)
  - Lýðveldistímabilið
  - Jónsbókartímabilið
  - Einveldistímabilið(sjá ÓL)

# Saga réttarsögunnar

- Tiltölulega ung fræðigrein (nítjándi öld)
- Uppruni einkum í Þýskalandi
- Íslensk réttarsaga – nán tengsl við sjálfstæðisbaráttuna

# Saga réttarsögunnar

- Þjóðleg (national) réttarsaga og samanburðarréttarsaga (universal)
- Kerfisbundna (systematíska) aðferðin og sögulega (synkroníska) aðferðin

# Saga réttarsögunnar

- „Sögulega aðferðin” helst notuð hér á landi:

„Þeir, sem þá aðferð nota, telja menn eigi geta öðlast fullan skilning á rjettaratriðunum, nema þau sjeu skoðuð í sambandi við önnur rjettaratriði, sem uppi eru á sama tíma, og við andlega og efnalega menningu þjóðarinnar yfirleitt á þeim tímum.“

Ólafur Lárusson, *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu* (Reykjavík 1932), bls. 2.

# Saga réttarsögunnar

- „Um skeið var „veldi” réttarsögunnar mikið, a.m.k. hér í norðanverðri álfunni, ... Á þessum tíma var réttarsaga einnig notuð sem vopn í pólitískri baráttu (jafnvel sjálfstæðisbaráttu heillra þjóða, svo sem kunnugt er, og Íslendingar ættu a.m.k. síst að gleyma), ...”

Páll Sigurðsson, „Efling réttarsögunnar”,  
bls. 1-2.

# Saga réttarsögunnar

- „En bókin sem ég skrifaði um Jón Guðmundsson myndi vera skrifuð öðruvísi núna. Hún er í þjóðernissinnuðum anda, eins og tíðkaðist þá [kom út 1960]. Maður var gagntekinn af lýðveldisstofnuninni og þjóðernisstefnu, eins og ég lýsti. Og svo var það róttækni þeirra tíma – andúð gegn herasetunni var sterk.”

Lára Magnúsardóttir, „Skuggi þjóðhetjunnar” (viðtal við Einar Laxness), *Lesbók Morgunblaðsins*, 15. des. 2007.

# Staða réttarsögunnar í dag

- Mun minna vægi en á dögum sjálfstæðisbaráttunnar!
  - „[B]aráttunni fyrir sjálfstæði Íslands er lokið.” (Guðmundur Hálfðanarson), „Sagan og samtíminn. Ráðstefna um söguskoðun Íslendinga”, *Saga XXXIII* (1995), bls. 67.
- „Félag áhugamanna um réttarsögu”
  - Fyrirlestrar og erindi, en í láginni í nokkur ár
- Áform um miðstöð réttarsögu og réttarsögurannsókna á Blönduósi

# Staða réttarsögunnar í dag

- Ávarp dóms- og kirkjumálaráðherra við opnun réttarsögusýningar á Blönduósi, 15. júní 2000:

„Í bréfi sem mér barst í byrjun maí s.l. voru raktar hugmyndir um miðstöð réttarsögu og réttarsögurannsókna á Blönduósi. Röksemdir fyrir staðsetningunni hér á Blönduósi voru taldar upp þessar:”



# Staða réttarsögunnar í dag

- „Síðasta aftakan, þekktasta íslenska sakamálið
- Lagaritun á Breiðabólstað
- Skörulegir sýslumenn á öllum tímum
- Tengsl við galdraöldina, m.a. Þorleifur Kortsson lögmaður
- Húnvetningar löngum stimplaðir sem sauðapjófar
- Skilvirk lögregla síðari tíma
- Mikið af kunnnum sakamálum.

Já, það er hægt að stæra sig af mörgu.”

# Staða réttarsögunnar í dag

- Vandí innan lögfræðinnar: Krafa um „hagnýtni“ ...
- Vandí innan sagnfræðinnar: „Gamaldags“ áhersla á rétt og ríkisvald...

# Sagnfræði og réttarsaga

- „*samkvæmt lögmálum sagnfræðinnar...*“
- Heimild þarf til að stunda sagnfræði!
- „Heimildasöfnun er undirstaða sagnfræði.“

SL, bls. 18

- „Heimildir rjettarsögunnar eru öll þau gögn, er veita fræðslu um rjettarlíf þjóðarinnar.“

Ólafur Lárusson, *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu*  
(Reykjavík 1932), bls. 4-5.

# Sagnfræði og réttarsaga

- Þrjú stig, skv. SL (bls. 17):
  1. Heimildasöfnun
  2. Heimildakönnun, heimildarýni
  3. Heimildavinna, samhengi, greinargerð
- „Hlutverk heimildarýnninnar er að stuðla að sem traustastri sagnaritun og í dómsmáli til að komast að réttri niðurstöðu.” SL, bls. 41.

# Sagnfræði og réttarsaga

- Nýir straumar og stefnur í sagnfræði
  - Efi í stað fullvissu
  - Staða þess sem skoðar...
  - „Öll saga er samtímasaga”

„The truth is out there...”

- „...the belief that history is a search for the objective truth about the past.”  
Richard Evans um G.R. Elton (bls. 2)
- Lögmál Ranke, „...wie es eigentlich gewesen...”
- G.R. Elton, *The Practice of History*
- Þórhallur Vilmundarson, „Um sagnfræði”

# Segir hver!

- „... history books ... are products of their own time, and ... their authors bring particular ideas to bear on the past.”  
Richard Evans um E.H. Carr, bls. 2
- E.H. Carr, *What is History?*

# Fortíðin er ekki til

- „Autumn ... has come to Western historiography”  
Richard Evans um Frank Ankersmit, bls. 8
- Keith Jenkins, *Re-Thinking History* (London, 1991)
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Sögustríð*
- „Fortíðin er okkur að eilífu glötuð! Það er sagnfræðingurinn sem tekur ákvörðun um hvernig sagan lítur út, tekur ákvörðun um þá atburði sem geta breytt sögunni.” SGM



# Fortíðin er ekki til

- „Sagnfræðin snýst því ekki aðeins um „fortíðina” heldur orðræðuna um fortíðina og þá mynd sem dregin hefur verið upp af henni í tímans rás. Nauðsynlegt er að hafa í huga að hinn sögulegi veruleiki er hér ekki skilinn sem texti; hann er annað og meira þó svo að það séu örlög sagnfræðinga að glíma stöðugt við orðræðuna um fortíðina frekar en fortíðina sjálfa.”  
„Sagnfræðirannsóknir í ljósi póstmóðernismans”

# Alltaf gott að vita hvað kennarinn heldur...

- „[H]lutverk sagnfræðinga er að afla vitneskju um liðna tíð og koma henni á framfæri í samtímanum. Þótt aðferðafræði skipti máli í þeirri vinnu þá skiptir afurðin - rannsóknin og hin aukna vitneskja - höfuðmáli. Fólk ætti að varast að hugleiða svo mikið hvernig á að gera hlutina að það gefi sér ekki tíma til að gera þá.”

„Umræða um ekkert”, [www.kistan.is](http://www.kistan.is)

# Alltaf gott að vita hvað kennarinn heldur...

- „Við höfum öll heyrt um grafræningja. Þeir brjótast inn í forn grafhýsi, pýramída, dysjar og grafir, og ræna þar og rupla. Grafræningjar munu ekki vera til á Íslandi. Grunsemdir hafa hins vegar vaknað um annars konar tilraunir til gripdeilda. Þessi grunur er á þann hátt að í gamla JL-húsinu, í tveimur herbergjum á fjórðu hæð, við þröngan gang inn af fundarsal ReykjavíkurAkademíunnar, hafi fortíðarræningjar hreiðrað um sig.

# Alltaf gott að vita hvað kennarinn heldur...

- „Þeir hafa ekki í huga að hnúpla hlutum úr fortíðinni. Þeir eru stórtækari en svo. Þeir vilja ræna okkur fortíðinni allri. Þeir halda því fram að þar sem við getum ekki vitað allt um fortíðina þá getum við ekki vitað neitt. Þeir halda því fram að við getum ekki sagt „Þetta gerðist“ af því að allt sem gerðist hvarf alltaf, og hverfur alltaf, í sama vetfangi. Vissulega séu til heimildir um fortíðina en þær séu svo ófullkomnar, og svo yfirþyrmandi margar, að það sé vonlaust að safna þeim og reyna að öðlast yfirsýn yfir þær.

# Alltaf gott að vita hvað kennarinn heldur...

- „Vissulega reyni íhaldssamir sagnfræðingar í fáfræði sinni að halda því sem þeir kalla fróðleik um fortíðina að saklausum almenningi. En þetta er bábilja, segir þetta fólk sem finnst það vita betur; fortíðin sé horfin og þeir, sem skrifi um hana, séu bara að skálda eigin texta eftir eigin höfði. Svona er þetta nú; svona reyna fortíðarræningjarnir að hnupla frá okkur minningum, heimildum og staðreyndum um liðna tíð.”

„Fortíðarræningjar”, [www.kistan.is](http://www.kistan.is)